

## Páll Ásgeir Ásgeirsson

Ég hef fengist við ferðamennsku á Íslandi og rannsóknir vegna bókarskrifa í bráðum tuttugu ár. Ég hef haft talsverða atvinnu og tekjur af íslenskri náttúru með skrifum leiðsögubóka og greinaskrifum gegnum árin og hef því persónulegan ávinning af því að fólk ferðist.



Mínir viðskiptavinir eru þó aðallega Íslendingar sem kaupa bækur mínar sér til gagns og gamans meðan viðskiptavinir ferðaðþjónustunnar eru einkum útlendingar. Fyrir vikið er allt sem ég segi hér mínar persónulegu skoðanir en geta varla talist til rannsókna eða úttektar á náttúrunni sem slíkri eða ferðavenjum fólks.

Ég tala hér sem einstaklingur og allt sem ég segi byggir á minni eigin reynslu, upplifun eða persónulegu mati. Mér finnst sanngjarnt að það komi fram hér í upphafi að ég hef í raun og veru enga þekkingu á þeim atvinnuvegi sem ferðaðþjónustan er þótt ég þekki vel hráefnið sem greinin vinnur með sem er íslensk náttúra.

Flestir virðast vera sammála um að íslensk náttúra sé verðmætasta eign íslenskrar ferðaðþjónustu. Þetta er áreiðanlega alveg rétt en hér er þó rétt að staldra við og rifja upp hið forna íslenska orðatiltæki sem segir að sínum augum líti hver á silfrið. Hér á tjaldinu á bak við mig blasir við mynd frá vinsælustu gönguleið á Íslandi sem er Laugavegurinn nánar tiltekið er þetta tekið rétt ofan við Brennisteinsöldu og sér yfir að Bláhnúk. Mér skilst að 7-8 þúsund manns gangi Laugavegin á hverju ári en eitthvað á annað hundrað þúsund hafi líklega viðdvöl í Landmannalaugum sem eru þarna rétt utan við sjónsvið myndarinnar.

Þeir tveir hópar sem sýna íslenskri náttúru hvað mestan áhuga eru annars vegar ferðamenn í merkingunni þeir sem ferðast um Ísland af einskærum áhuga og yfirleitt á eigin forsendum og eigin hvötum og hins vegar þeir sem ferðast um landið starfs síns vegna sem í flestum tilvikum tengist ferðaðþjónustu. Seinni hópurinn tekur oftast til máls þegar á málga þarf og rökstyðja að hið opinbera þurfi að leggja fram meiri pening til

ferðapjónustunnar, sérstaklega til þess að bæta aðstöðu á vinsælum ferðamannastöðum og er það áreiðanlega rétt.

Hinn hópurinn samanstendur af þeim sem kalla má álitsgjafa ef ekki sjálfskipaða umboðsmenn íslenskrar náttúru. Þetta eru þeir sem taka til máls þegar náttúruvernd er til umræðu og grípa ekki stílvopn sín nema þegar þeir telja vegið að náttúrunni og einhverjar tiltekna perlur hennar séu í hættu.

Þessi hópur inniheldur marga þungavigtarmenn úr hópi vísindamanna, landreyndra ferðagarpa, fyrrum þingmanna og heitra hugsjónamanna. Það sem þeir eiga þó sameiginlegt er að tala nær undantekningarlaust fyrir friðun, lokun, takmörkun umferðar og má segja að þeir séu talsmenn kyrrstöðu. Hér verður ekki efast um velvilja þessara talsmanna fyrir hönd náttúrunnar en mikið mark er tekið á orðum þeirra en málflutningur þeirra er sjaldan til hagsbóta fyrir ferðapjónustuna eða til þess fallinn að auka möguleika hennar.

Til þess að sýna fram á hvernig þessir hópar tala ekki alltaf sama tungumálið langar mig til þess að tala dálitla stund um Lónafjörð. Lónafjörður er einn Jökulfjarða nánar tiltekið milli Hrafnfjarðar og Veiðileysufjarðar. Lónafjörður telst því eiginlega vera hluti af Hornströndum og sem slíkur hluti af hinni óspilltu og hreinu íslensku náttúru sem er vor dýrasti sjóður sem við notum til þess að laða ferðamenn til landsins. Lónafjörður er reyndar svo óspilltur að þar hefur ekki verið byggð á sögulegum tíma nema í einhvers konar munnmælaformi og Lónbjarnarstaðir komust aldrei í manntal en skriðu inn í Jarðabók Árna Magnússonar sem fornt eyðibýli og þar sést enn grænn blettur ef maður horfir vel. Ástæða þessa er án efa sú að Lónafjörður er svo óaðgengilegur og erfiður yfirferðar að fá dæmi eru um slíkt. Þar verður ekki gengið um þveran fjarðarbotn nema eftir rifjum alllangt frá landi þar sem djúp lón liggja undir svimháum klettaveggjum. Þarna bröltir ferðalangur klukkstundum saman í sleipu þarabruki vaðandi kaldan sjó og skrikandi á steinum meðan selir henda sér í ofboði til sunds og refir þjóta eins og flugeldar undan fótum manns. Yfir standa kuldaleg, snævipakin fjöll sem heita Einbúi eða Snókur og fjallvegirnir yfir í næstu viku heita Rangali eða Þrengsli og gott ef ekki Fannalágarfjall og eru skemmtilegt dæmi um örnefni sem fela í sér greinargóða lýsingu.

Mér finnst þessi afskekkti og kuldalegi staður vera paradís því í mínum augum er Lónafjörður eins ósnert og ósnertanlega náttúra eins og nokkru sinni verður í boði. Þetta er landið sem maðurinn hefur aldrei snert af því einfaldlega að hann getur það ekki. Þarna var aldrei pláss fyrir bæ eða lending fyrir bát og þess vegna var fjörðurinn aldrei snertur.

Þetta er sagt frá sjónarhóli ferðamannsins sem rólar um landið í leit að einhverju sem er í rauninni erfitt að lýsa með orðum en snýst um vind og sjó og kulda og sennilega frekar hranalegt náttúrufar þegar allt kemur til alls. Samband náttúru og manns er í senn flókið og einfalt en maður þekkir það þegar maður sér það eða upplifir og sú upplifun kemur einhvern veginn innanfrá og er þannig ekki líkamlega tengd náttúrunni en samt vaknar þessi kennd ekki nema í návist náttúrunnar.

En ég get ekki tjáð það og túlkað með orðum eins og skáldið sagði en það sem ég vildi útskýra var ólíkt viðhorf ferðamanns og ferðabjónustumanns. Ferðamaðurinn veður í sæluvímu um Lónafjörð þar sem honum líður eins og nýkomnum landnámsmanni. Þetta er hans paradís. Ferðabjónustumaðurinn horfir í kringum sig í Lónafirði og sér hvergi aðstöðu til eins né neins. Hann sér vonda lendingu, ekkert tjaldstæði, engar merkingar og ekkert undirlendi til þess að leggja göngustíg. Í augum ferðabjónustunnar er Lónafjörður ekkert sérstakur – eiginlega ónýtur staður til sölu fyrir ferðamenn.

Á meðan á þessum umræðum stendur niðri á láglandinu inni á skrifstofum og á síðum dagblaðanna er veruleikinn á ferðamannaslóðum allt annar. Á hálendi Íslands hagar sér hver eins og hann heldur að sé í lagi. Umferð vex jafnt og þétt og yfir háannatímamann er hrein örtröð á vinsælum áningarstöðum ferðamanna. Að koma í Landmannalaugar um miðjan júlí er sérstök upplifun og fjölbjóðleg sem á þó lítið eða ekkert skylt við þá ósnertu náttúruupplifun sem við virðumst telja að sé okkar helsta söluvara.

Utanvegaakstur hefur aukist hröðum skrefum undanfarin ár og lögregla hefur hvorki aðstöðu né mannafla til þess að gera neitt við því. Þeir sem valda mestum skemmdum á landinu eru ungir Íslendingar á torfærumótorhjólum, bændur á fjórhólum í smalamennsku, veiðimenn á fjórhjólum og léttkenndir Íslendingar á jeppum. Ég heyrði ungan talsmann mótorhjólamanna segja á opinberum fundi um daginn að þeir væru í sömu stöðu á hálendinu og jeppamenn fyrir 50 árum, þeir þyrftu að fá að móta sínar eigin leiðir. Enginn mótmælti þessum orðum unga mannsins sem voru

sögð í fullri alvöru og hreinskilni og varpa ljósi á það hvaða augum mótorhjólamenn líta á landið.

Mótorhjólum og fjórhjólum hefur fjölgað svo talið er í þúsundum og þessi kraftmikli floti er að valda meiri skemmdum á hálendi Íslands en allur uppblástur eftir ofbeittu sauðkindarinnar síðustu þúsund árin. Í vetur sem leið valt jeppi í Landmannalaugum og stórskemmdi salernishús Ferðafélags Íslands. Þar voru að leik tveir ökumenn og fararstjórar sem héldu vöku fyrir sínum eigin farþegum með stjórnlausum akstursleikjum yfir snjóbreiðurnar kringum skálann fram eftir nóttu. Þetta voru semsagt starfsmenn í ferðaþjónustu, vaxtarbroddar í ungri atvinnugrein sem svona höguðu sér og flýðu af vettvangi þegar kalla átti til lögreglu. Þetta atvik er aðeins toppurinn á þeim leiða ísjaka sem er hegðun Íslendinga þegar þeir ferðast um land sitt. Drykkjuskapur í fjallaferðum hefur aukist gríðarlega undanfarin ár eftir að hafa lagst af um tíma og horfir nú til vandræða. Á almenningsstjaldstæðum stendur fálíðuð varsla ráðalaus frammi fyrir almennri ölvun, yfirgangi og fjöldasöng fram á nætur í bland við hörmulega umgengni ef ekki almenn skrúlsæti.

Hér er kannski rétt að taka fram aftur að það sem ég segi hér er ekki byggt á neinum rannsóknum eða úttektum heldur einungis á því sem ég hef sjálfur séð og upplifað undanfarin sumur og vetur.

En ég ætlaði sannarlega ekki að gera þetta erindi að neinum reiðilestri um það sem mér finnst vera áfátt í ferðahegðun lands minna. Þannig hef ég einsett mér að minnast ekki einu orði á kamra eða salernisaðstöðu sem er þó svo ríkur þáttur í allri umræðu um íslenska ferðaþjónustu.

Íslendingar eiga mjög margar náttúruperlur sem afar fáir vita um og heimsækja og það er að sumu leyti vegna þeirrar sérstæðu verndar og einangrunarstefnu sem virðist hafa ríkt í umgengni okkar um landið. Til þess að leyfa fólki að njóta náttúrunnar dugir ekki að læsa hana inni í skáp og minnast aðeins á hana á hátíðisdögum. Það þarf að koma gersemunum í samband við alfaraleiðir og gera þær aðgengilegar.

Tökum nokkur dæmi:

Nýidalur á Sprengisandsleið er viðkomustaður tugþúsunda ferðamanna á hverju einasta sumri enda afbragðs vel í sveit settur við fjölförnustu háfjallaleið landsins. Töfrar staðarins felast í víðáttunni og nálægðinni við jöklana en miklu síður í akstri klukkustundum saman eftir svo kölluðum þvottabrettum sem Vegagerðin notar í staðinn fyrir bundið slitlag á hálendisvegum. Í samanburði við þá staði sem við teljum líklega til þess að laða til sín ferðamenn vegna óvenjulegrar náttúru eins og Landmannalaugar eða Námaskarð og Víti þá hefur Nýidalur ekkert upp á að bjóða nema góða salernisaðstöðu. Í örfárra kílómetra fjarlægð frá Nýjadal er Vonarskarð. Þar er eitt stórkostlegasta hverasvæði sem ég hef nokkru sinni heimsótt, þar er heitur lækur sem er miklu vatnsmeiri en sá í Landmannalaugum og þar eru litrík líparítfjöll, svartir víðáttumiklir sandar og yfir þessu öllu vaka hæstu jöklar landsins. Sá sem stendur á hlaðinu í Snapadal í Vonarskarði hefur Bárðarbungu að bæjarfjalli. Það kemur aldrei neinn í Vonarskarð nema fáeinir jeppamenn í hálfgerðu leyfisleysi og mótorhjólamenn í algerrri óþökk því að eftirsóttustu stöðunum er enginn vegur.

Það er góður vegur en ómerktur að Valahnúkum en þaðan eru um það bil 2-3 km að heita læknum og í fjallinu þar fyrir ofan er hverasvæðið.

Þarna vantar ekkert nema svolítinn vegarspotta, nokkur skilti, góðan skála, salernisaðstöðu, góða stíflu í lækinn til að búa til stórkostlegusta villibað á Íslandi og þá mætti taka þarna á móti þúsundum ferðamanna á hverju einasta ári og létta álaginu af öðrum stöðum til mótvægis.

Mér skilst að Vonarskarð sé innan vébanda hins nýstofnaða

Vatnajökulspjóðgarðs svo ég geri ekki ráð fyrir að neitt af þessu gerist á mínum líftíma. Reyndar á ég ekki von á að neitt gerist annað en að ástandið haldist óbreytt og staðurinn haldi áfram að keppa í flokki úppgötvaðra leyndarmála. Ég get ekki séð að Vonarskarð myndi missa neitt af töfrum sínum þótt þangað kæmu 50 þúsund manns á ári. Þvert á móti.

Ég er veikur fyrir villiböðum svo ég ætla að benda á annan stað sem er til þess fallinn að verða vinsæll áningarstaður ferðamanna og létta álaginu af öðrum ámóta vinsælum stöðum í grenndinni. Það er hin dásamlega Strútslaug sem er falin bak við fjöllin norðan við Mælifellssand við rætur Torfajökuls. Strútslaug er frábær staður sem fáir heimsækja því þangað er erfitt að komast nema á mótorhjóli eða gangandi. Þangað væri mjög auðvelt að leggja greiðfæran veg frá nýbyggðum Strútsskála í 3-4 kílómetra fjarlægð og slíkt myndi ekki valda neinum náttúruspjöllum. Reyndar eru margir sem aka að Strútslaug eftir slóða norðan við Svartahnúksfjöll sem er ekki á neinum kortum og utan alls skipulags.

Þarna eins og í Vonarskarði þarf aðeins að reisa skála, koma upp búningaástöðu og salernum auk þess að leggja veginn og náttúran sér um afganginn. Þarna gætu komið tugþúsundir ferðamanna á hverju sumri til þess að upplifa ámóta nálægð við náttúruna og í Landmannalaugum sem vel að merkja eru rétt handan við fjöllin. Rétt við Strútslaug er Hólmsárlón og í útfalli þess stórkostleg fossasinfónía við Rauðabotn en til þessa dags hefur enginn sýnt þessum stöðum áhuga nema Landsvirkjun sem vill fá að setja Strútslaug, Rauðabotn og svæðið allt undir vatn í miðlunarlóni Hólmsárvirkjunar.

Kerlingarfjöll er ágætt dæmi um stað sem ætti skilið mun fleiri gesti en nú koma þangað. Þar hafa einkaaðilar byggt upp sérlega glæsilega og góða aðstöðu til þess að taka á móti ferðamönnum og eru þannig opinberum aðilum eða samtökum fyrirmynd á margan hátt. Í Kerlingarfjöllum er um þessar mundir að koma undan jöklum land sem íbúar landsins hafa ekki séð síðan á söguöld ef kenningar manna upp þróun jökla eru réttar. Það eitt að sér fyrir utan hinn stórkostlegu hverasvæði gera Kerlingarfjöll að stað sem á mikla vaxtarmöguleika í ferðaþjónustu og þolir mikið álag en aftur má vel hafa í huga að allt sem hefur verið gert í Kerlingarfjöllum hefur verið gert af einkaaðilum án aðkomu hins opinbera.

Hér vil ég nefna til viðbótar Lambafellsgjá eða Lambafellsklofa sem þessi mynd er frá. Þessi dramatíski staður þar sem hægt er að ganga inn í fjall við rætur þess og koma út á toppnum eftir langt ferðalag eftir þröngri gjá er eins og klipptur út úr Hringadróttinssögu. Hann er í hálf tíma aksturs fjarlægð frá höfuðborginni og auðvelt að aka rútum alla leið á bílastæði sem er í tuttugu mínúta fjarlægð. Samt hef ég ekki hitt marga sem þekktu þennan stað áður en ég lýsti honum í bók sem var gefin út 2005 en vonandi hefur þeim fjölgað eitthvað síðan. Þetta er dæmi um stað sem væri hægt að sýna ferðamönnum án þess að kosta neinu til og væri án efa áhugaverð viðbót við ferðirnar í Bláa lónið svo eitt dæmi sé tekið.

Ég gæti haldið áfram með þessum hætti um allt hálendið og víða um eyðibýggðir og útkjálka þessa lands. Ef við viljum dreifa álaginu og gera heimsókn til Íslands að stærri upplifun en felst í Gullna hringnum, Landmannalaugum, Námaskarði og Öskju þá bíða tækifærin eftir okkur út um allt. En til þess að nýta þau þarf að viðurkenna að einangrunarstefna náttúruverndarsinnanna hrein hjörtuðu dugar ekki til þess að byggja upp ferðaþjónustu. Það þarf að eyða peningum til að græða peninga. Það þarf að leggja vegi, byggja skála og gera ferðaþjónustuaðilum kleift að veita þá

Þjónustu sem 95% farþeganna vilja fá. Við eigum að vera óhrædd við að bora eftir heitu vatni á vinsælum áningarstöðum ferðamanna til þess að gera þá enn meira aðlaðandi. Þetta hefur verið gert með góðum árangri í Húsadal í Þórsmörk og er í bígerð við Álftavatn á Fjallabaki. Á fjölmörgum stöðum þar sem er heitt vatn en ekki nógu heitt eða ekki nógu mikið er áreiðanlega nóg að stinga bor fáeina tugi metra niður í jörðina og þá flæðir vatnið.

Við getum nefnilega ekki sagt að við séum að selja íslenska náttúru nema við gerum gestum okkar kleift að nálgast hana. Við núverandi aðstæður er álagið á alltof mörgum vinsælum ferðamannastöðum komið að þolmörkum ef ekki yfir þau hvað fjölda gesta varðar og þá fer heimsóknin þangað að snúast upp andhverfu þess sem gesturinn og gestgjafinn vænti. En við getum auðveldlega snúið þessari þróun við bæði okkur sjálfum til heilla og náttúrunni til hagsbóta. Aðalatriðið er að komast úr þeirri kyrrstöðu friðunar og misskilinnar hlífðar sem margar náttúruperlur á Íslandi eru læstar inni í og viðurkenna að nýting er ekki sama og eyðilegging.

Í auglýsingum um þessa ráðstefnu var sagt í yfirskrift þessa erindis míns að ég hyggðist fjalla um það hvernig ferðapjónustu ég vildi sjá á Íslandi. Þetta er sennilega svolítið villandi yfirskrift því eins og fram hefur komið fyrr í þessu erindi hef ég sáralítið vit eða reynslu af ferðapjónustu sem atvinnuvegi og skortir þar af leiðandi eiginlega alla framtíðarsýn í þeim efnum. En mig langar samt til þess að svara spurningunni um hvernig ferðapjónustu ég vil sjá á Íslandi. Mig langar til að svara því með upprifjun á atviki og afleiðingum frá síðasta sumri þótt ég þykist vita að það séu ekki nema í meðallagi góðir mannasíðir að gera það hér.

Sumarið 2007 varð banaslys austur í Reynisfjöru nánar tiltekið við svokallaðan Hálsnefshelli en fjaran undir stuðlabergshömrum fremst í Reynisfjalli er afar vinsæll áfangastaður ferðamanna, sérstaklega erlendra enda útsýn til hafsins og Reynisdranga einstök.

Margir töldu að ein ástæða slyssins sem varð þarna væri sú að ferðamenn væru ekki varaðir nægilega við varasömum brimsköflum og brýnt væri að setja upp skilti á sem flestum tungumálum sem bæri mönnum slíkar viðvaranir. Sumarið eftir – nánar tiltekið sumarið 2008 var hópur ferðamanna hætt kominn í fjörunni og sluppu með skrekkinn en í kjölfarið beindist athygli manna að því að þrátt fyrir forsögu málsins hafði

viðvörðunarskiltum ekki verið komið fyrir í fjörunni. Hófst þá nokkur leit að þeim sem kynni að bera ábyrgð á því að slíkt skilti yrði sett upp og benti hver á annan í tiltölulega flóknum samkvæmisleik sem breiddi sig um afkima stjórnkerfisins og reyndar víða um samfélagið.

Nú, tæplega sex mánuðum seinna er staðan sú að margboðað skilti hefur verið búið til og verður væntanlega sett upp í haust að minnsta kosti áður en næsta ferðamannavertíð hefst. Að gerð skiltisins komu eftirtaldir aðilar; Mýrdalshreppur, Hótel Dyrhólaey, Ferðamálastofa, sem lagði til textaráðgjöf og síðast en ekki síst stórfyrirtækið Kynnisferðir sem mér skilst að greiði allan kostnað við gerð og uppsetningu skiltisins.

Það er margt við þetta ferli sem minnir á söguna um Litlu gulu hænuna og má vel teikna það upp hver er í hlutverkið hundsins og hver er svínið og svo framvegis en augljóslega eru það Kynnisferðir sem eru hænann í sögunni því. Í þessari sögu birtist líka saga um vanmátt og skipurit þar sem enginn virtist almennilega vita hver ætti að vara ferðamenn við hættum þótt allir sem sögðu ekki ég hefðu ótvíræðan hag af því að ferðamenn fjölmenntu á staðinn og öryggi þeirra væri tryggt.

Eigum við ekki í fyrsta áfanga að stefna að því að gera ferðaþjónustu á Íslandi að starfsgrein sem ræður við verkefni af þessu tagi bæði fljótt og örugglega. Svo getum við farið að tala um stærri verkefni.